



Afslættir fyrir félagsmenn Verkalýðsfélags Akraness

Verkalýðsfélag Akraness leitar nú allra leiða til að léttu greiðslubyrði félagsmanna sinna. Að undanfögnu hafa starfsmenn félagsins staðið í viðræðum við fyrirtæki á Akranesi og leitað eftir afsláttarkjörum fyrir félagsmenn Verkalýðsfélags Akraness. Þessi vinna hefur borið umtalsverðan árangur.

Í síðustu viku var m.a. skrifað undir viðskiptasamninga við tryggingafélagið VÍS og N1 um afsláttarkjör til handa sínum félagsmönnum. Afsláttarkjörin hjá N1 eru mjög víðtæk og sem dæmi munu félagsmenn njóta 6 króna afsláttar af dæluverði eldsneytis ásamt hinum ýmsu afsláttum af öðrum vörum hjá N1. Hægt er að sjá samninginn á heimasíðu félagsins, www.vlfa.is þar sem hægt er að sjá þau afsláttarkjör sem í boði eru. Félagsmenn eru hvattir til að hafa samband við skrifstofu félagsins til að fá nánari upplýsingar um hvernig þeir virkja afsláttinn á viðskiptakorti eða greiðslulykli sínum.

Að auki hefur félagið náð samkomulagi við fleiri fyrirtæki á Akranesi, en þeirri vinnu er ekki endanlega lokið. Þau fyrirtæki sem nú þegar hafa ákveðið að veita félagsmönnum afslátt gegn framvísun félagsskírteinis eru:

Tryggingafélagið VÍS: 5% óháð öðrum afsláttarkjörum sem félagsmenn kunna að hafa.

N1: Umtalsverður afsláttur á vörum og þjónustu sjá nánar á www.vlfa.is

Apótek Vesturlands: 10% afsláttur af vörum í búð (ekki lyfjum).

Verslunin Ozone: 10% afsáttur.

Omnis: 15% afsláttur af skólavörum, skrifstofuvörum og bleki, 5% afslátt af tölvum og öðrum vörum - 12 mánaða vaxtalaus lán á kreditkort (GSM símar undanskildir)

Bifreiðaverkstæðið Brautin: 7% afsláttur af vinnu.

Þau fyrirtæki sem eru tilbúin til að veita afslætti fyrir Verkalýðsfélag Akraness eru eindregið hvött til að hafa samband við skrifstofu félagsins. Rétt er að geta þess að um 3.000 félagsmenn eru í VLFA og mun félagið sjá um að kynna þessi afsláttarkjör vel og rækilega fyrir sínum félagsmönnum.

galleri OZONE
Akranesi



BRAUTIN EHF



omniS



APÓTEK
VESTURLANDS

Verkalýðsfélag Akraness

Sunnubraut 13 | 300 Akranes | Sími 430 9900 | Fax 430 9901 | skrifstofa@vlfa.is